

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu í Stykkishólmsbæ.

*Móholt, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 14. júlí 2016, deiliskipulagsbreytingu fyrir Móholt 2-4. Breytingin nær aðeins til austustu lóðarinnar sem er merkt P1 næst Búðanesvegi. Þar er nú heimilað að byggja 2-4 íbúðir og gert ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hverja íbúð. Einnig er leiðbeinandi reitur fyrir bílskúr felldur út. Skilmálar um hæð hússins eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 24. ágúst 2016.*

**Sigurbjartur Loftsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2016